



Fundargerð

40. fundur Lýðheilsuráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Tjarnargötu 12
5. september 2023, kl. 14:00

Viðstaddir: Bjarney Rut Jensdóttir formaður, Anna Lydía Helgadóttir, Jóhanna Björk Sigurbjörnsdóttir, Karítas Lára Rafnkelsdóttir og Magnús Einþór Áskelsson.

Að auki sátu fundinn Hafþór Birgisson íþrótta- og tómstundafulltrúi, Gunnhildur Gunnarsdóttir forstöðumaður Fjörheima og 88 Hússins og Íris Eysteinsdóttir ritari.

* * *

1. Heilsu- og forvarnarvika Suðurnesja 25. september - 1. október 2023 (2023060135)
Hafþór Birgisson íþrótta- og tómstundafulltrúi sagði frá Heilsu- og forvarnarvikunni en skipulagning stendur yfir.
2. Skýrsla Vinnuskóla Reykjaneshæjar - kynning (2023050380)
Gunnhildur Gunnarsdóttir forstöðumaður Fjörheima og 88 Hússins kynnti skýrslu Vinnuskóla Reykjaneshæjar.
Lýðheilsuráð þakkar Gunnhildi og hennar fólki fyrir vel unnin störf í sumar.
3. Forvarnardagur ungra ökumanna 21. september nk. (2023080543)
Gunnhildur Gunnarsdóttir forstöðumaður Fjörheima og 88 Hússins sagði frá forvarnardegi ungra ökumanna sem fer fram í 88 Húsinu 21. september.
4. Hvatagreiðslur eldra fólks í Reykjaneshæ (2023050588)
Hafþór Birgisson íþrótta- og tómstundafulltrúi kynnti drög að reglum og hvernig staðið verði að hvatagreiðslum fyrir eldra fólk sem ráðgert er að taki gildi 1. janúar 2024.
Lýðheilsuráð lýsir ánægju með framtakið. Mikilvægt er að hvetja alla til hreyfingar, ekki síst eldra fólk.
5. Snjallsímalausir grunnskólar (2023030312)
Bjarney Rut Jensdóttir formaður Lýðheilsuráðs sagði frá vinnu við málþing sem Lýðheilsuráð og Menntaráð koma sameiginlega að í Stapa í heilsu- og forvarnaviku Reykjaneshæjar.
6. Útivistartími barna veturinn 2023 - 2024 (2023090007)
Lýðheilsuráð minnir á mikilvægi þess að virða útivistartíma barna og ungmenna sem tók gildi þann 1. september sl. Börn á aldrinum 13 til 16 ára mega ekki vera lengur úti en til 22.00 og börn 12 ára og yngri til kl. 20.00.
7. Frístundir.is (2023010324)

Hafþór Birgisson íþrótta- og tómstundafulltrúi kynnti vefinn fristundir.is – nú hafa flestir skilað inn efni á vefinn og virkilega gaman að sjá fjölbreyttar auglýsingar um félagsstarf fyrir eldra fólk.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:30